

Æfingagjöld 2017-2018

Birt með fyrirvara um innsláttarvillur



Fimleikadeild

Klst. á viku	Haut 2017	LEYFISGJALD FSÍ.
1 – 5 ára	19.300	1.200
1 tími	29.000	1.200
1 ½	35.870	1.200
2 tímar	41.845	1.200
3 tímar	47.643	1.700
4 tímar	52.440	1.700
4 ½	58.000	1.700
5 tímar	61.000	2.200
6 tímar	66.200	2.200
7 tímar	70.300	2.200
8 tímar	75.200	2.200
9 tímar	80.300	2.450
10 tímar	85.300	2.450
11 tímar	89.300	2.450
12 tímar	91.800	2.450
18 tímar	102.000	2.450
Fullorðin	35.000	1.700
Parkour 3	48.643	1.700
Parkour 1 ½	36.870	1.700

Æfingagjöld 2017-2018



Almennir skilmálar um æfingagjöld hjá fimleikadeild Fylkis

Æfingagjöldin miðast við 4 mánuði haustönn 5 mánuði vorönn og eru ekki endurgreidd ef iðkandi hættir nema vegna veikinda eða meiðsla og þarf að skila læknisvottorði.

Þjónustugjald til FSÍ: Vinsamlegast athugið að Fimleikasamband Íslands innheimtir þjónustugjald og leggst sú upphæð við æfingagjöldin hér að ofan. Gjaldið er breytilegt eftir aldri og hversu langt iðkandinn er komin í þrepum eða keppnisflokkum fimleika.

1 – 5 ára æfa í 12 vikur á haust og vorönn.

- Skilyrði er að æfingagjöld séu greidd í upphafi tímabils.
 - Greiðsla æfingagjalds er forsenda fyrir þátttöku á æfingum og mótum sem flokkur/hópur eða einstaklingur fer á.
 - Allar skráningar á námskeið eru endanlegar og ekki er hægt að afskrá/afpanta á netinu. Kjósi iðkandi að hætta við námskeið verður úrsögn að berast með tölvupósti á netfang fimleikar@fylkir.is
 - Æfingagjöld eru ekki endurgreidd eftir að námskeið er hafið. Hægt er að sækja um undanþágu frá þessu ef um búferlaflutning og/eða alvarleg veikindi eða meiðsli er að ræða verður úrsögn að berast með tölvupósti á netfang fimleikar@fylkir.is
 - Ef iðkandi mætir á æfingar og forráðamaður gengur ekki frá æfingagjöldum innan þriggja vikna frá upphafi námskeiðs er sendur rafrænn greiðsluseðill fyrir æfingagjöldum. Enda litið svo á að forráðamaður vilji nýta sér þjónustu Fylkis. Ef forráðamaður vill breyta þeim greiðslumáta leggst á aukagjald 1.500 kr.
 - Ef forráðamaður getur ekki greitt í félagagjaldakerfinu með greiðsluseðli eða kreditkortu, þá þarf viðkomandi að ganga frá gjöldum á skrifstofu Fylkis.
 - Til þess að ráðstafa frístundastyrk verður að skrá sig inn í félagagjaldakerfið með Ís-lykli eða stafrænum kennilykli í snjallsíma.
 - Ekki má flytja frístundakort milli systkina né milli ára.
 - Ráðstafaður frístundastyrkur sveitarfélaga er ekki endurgreiddur.
 - Veittur er 5% systkina afsláttur innan deilda.
 - Mikilvægt að hafa samband við skrifstofu ef um fjárhagserfiðleika er að ræða og finna úrlausn sem leiðir til áframhaldandi þátttöku iðkandans.
 - Allir greiðsluseðlar eru í kröfukaupum hjá Greiðslumiðlun og því verða forráðamenn að snúa sér þangað ef þeir lenda í vanskilum eða vilja semja um greiðslukjör eftir á.
 - Það er með öllu óheimilt að blanda æfingagjöldum inni aðra starfsemi hjá félaginu, stjórnarfolk, starfsfolk, þjálfara eða aðrir velunnarar félagsins fá engan afslátt af æfingagjöldum umfram þann sem almennt er veittur. Skrifstofa félagsins sér alfarið um allt (verklag, tæknibúnað, tengingar við frístund, afsláttarkjör, innheimtu sem er unnin í samráði við gjaldkera deilda þegar við á og úrlausn til þeirra sem eiga fjárhagslega erfitt með að borga fyrir börnin sín sem tengist æfingagjöldum nema að ákveða upphæð hvers æfingagjalds. Hér sitja því allir við sama borð hvað æfingagjöld varðar
- Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Fylkis, á heimasíðunni undir liðnum æfingagjöld.

Innheimtuferli

• Öll æfingagjöld sem ekki eru greidd á eindaga fara í innheimtu hjá Mótus, þetta gerist sjálfkrafa í félagagjaldakerfinu.

• Æfingagjöldin standa að mestu leyti undir rekstri flokka og deilda og er þar langstærsti kostnaðarliðurinn laun þjálfara félagsins. Þau eru greidd út mánaðarlega, m.ö.o. æfingagjöldin eru lífæð fyrir rekstur deildanna.

Þess vegna viljum við benda fólki að hafa samband við Mótus eða skrifstofu Fylkis til að finna lausn og nýta sér þær leiðir sem eru í boði, ef viðkomandi lendir í greiðsluvandræðum.

Æfingagjöld 2017-2018



Handknattleiksdeild

Flokkur	Vetrargjaldið	Vetrargjaldið með afslætti*
3.flokkur	98.000	88.200
4.flokkur	88.000	79.200
5.flokkur	76.000	68.400
6.flokkur	62.000	55.800
7.flokkur	55.000	49.500
8.flokkur	40.000	36.000

Sérreglur fyrir handknattleiksdeild:

Æfingagjöld handboltans eru nú uppfærð fyrir árið 2017-18.

- Eftirfarandi reglur gilda um greiðslu æfingagjalda í yngri flokkum Fylkis.
- Æfingagjöld eru greidd samhliða skráningu í gegnum Nora kerfið (<https://fylkir.felog.is/>). Foreldrar þurfa að skrá barn á námskeið að hausti.
- Miða skal við að æfingagjöld séu greidd að hausti. Foreldrar geta notað frístundastyrk Reykjavíkurborgar eigi þau hann inni þegar gengið er frá greiðslu.
- Hægt er að dreifa eða skipta greiðslum í allt að 9 skipti að hausti. Eða greiða í einu lagi og fá 10% afslátt af æfingagjöldum vetrarins.
- Iðkandi sem hefur æfingar á miðju tímabili þarf ekki að greiða æfingagjöld fyrir það tímabil sem liðið er. Í slíkum tilvikum skal þjálfari staðfesta hvenær barn/unglingur hóf æfingar. Foreldrar hafa samband við skrifstofu í kjölfarið vegna greiðslu æfingagjalda.
- Ef Iðkandi hættir æfingum á miðju tímabili er heimilt að endurgreiða æfingagjöld fyrir þá mánuði sem eftir eru. Ekki er heimilt að endurgreiða það sem greitt hefur verið með Frístundarkorti Reykjavíkurborgar.
- Þegar barn hefur æfingar má það stunda æfingar í einn mánuð áður en að æfingagjöld eru innheimt. Ef barninu líkar ekki að æfa handbolta og hættir innan mánaðar þarf ekki að greiða æfingagjöld. Ef aftur á móti barnið heldur áfram æfingum skal greiða fyrir það tímabil sem barn hóf æfingar á og fyrir það tímabil sem eftir er. Slíkt aðlögunartímabil er heimilt einu sinni á ári.

Æfingagjöld 2017-2018



- Heimilt er að lækka æfingagjöld yfir vetrartímann ef að iðkandi æfir aðra íþróttagrein innan Fylkis og æfingatímar skarast þannig að þátttakandi kemst ekki á viðkomandi æfingu handboltadeildar, enda er gert ráð fyrir að iðkandinn fái sama eða svipaðan afslátt í hinni íþróttagreininni. Ef iðkandi notfærir sér þennan möguleika þá er afslátturinn sem hér segir:
- Ef um er að ræða tvær æfingar í viku og ein skarast má lækka æfingagjöld um 40% á viðkomandi tímabili.
- Ef um er að ræða þrjár æfingar í viku má lækka æfingagjöldin um 25% fyrir hverja æfingu sem skarast á viðkomandi tímabili.
- Ef um er að ræða 4 æfingar á viku má lækka æfingagjöldin um 20% fyrir hverja æfingu sem skarast á viðkomandi tímabili.
- Ef ekki hefur verið greitt æfingagjald fyrir iðkanda er honum óheimilt að taka þátt í mótum sem flokkurinn fer á.
- Ef áhugi iðkanda í 3. flokki hefur minnkað þannig að æfingasókn er lítil og takmarkaður áhugi er á að keppa með flokknum á mótum er heimilt að lækka æfingagjöld til iðkanda svo hann geti áfram notið félagslega þáttarins í starfinu. Iðkandi mætir þá á tvær æfingar á viku en tekur ekki þátt í opinberum mótum flokksins. Þjálfara er þó heimilt að kalla iðkanda inn í staka leiki ef vandræði eru við að manna lið vegna meiðsla eða annara ófyrirséðra atvika. Slík lækkun æfingagjalda er ekki framkvæmd nema þjálfari mæli með henni formlega og sendi umsókn um hana til Barna- og unglingsráðs. Ef áhugi eykst aftur hjá iðkanda og hann vill fá að nýju rétt til þátttöku í opinberum mótum þarf hann að greiða fullt æfingagjald.

Karatedeild

Flokkar	Haust 2017
Mini karate	12.000
Byrjendur 6-9 ára	23.000
Framhald 7-9 ára	23.000
10-12 ára	27.000
13 ára og eldri	27.000

Æfingagjöld 2017-2018



Knattspyrnudeild

Flokkar	Árgjaldið
2.flokkur karla	105.000
3.flokkur karla	95.000
4.flokkur karla	95.000
5.flokkur karla	88.000
6.flokkur karla	80.000
7.flokkur karla	76.000
8.flokkur karla	37.000
2.flokkur kvenna	105.000
3.flokkur kvenna	95.000
4.flokkur kvenna	95.000
5.flokkur kvenna	88.000
6.flokkur kvenna	80.000
7.flokkur kvenna	38.000 (Átaksverkefni)
8.flokkur kvenna	15.000 (Átaksverkefni)

Sérreglur fyrir knattspyrnudeild

- Það er átaksverkefni í gangi hjá deildinni að fjölga stelpum í fótbolta. Það er þess vegna frítt að æfa í 8kv og 7kv frá 15.sept 2017 til 31. mars 2018.
- Hægt er að lækka hvert gjald um 15.000 gegn því að forráðamaður eða annar tengdur iðkanda dæmi nokkra leiki í yngri flokkum félagsins á yfirstandandi tímabili. Vinsamlegast hafið samband við Hörð íþróttafulltrúa hordur@fylkir.com.

Æfingagjöld 2017-2018



- Heimilt er að lækka æfingagjöld yfir vetrartímann ef að iðkandi æfir aðra íþróttagrein innan Fylkis og æfingatímar skarast þannig að þátttakandi kemst ekki á viðkomandi æfingu Knattspyrnudeildar, enda er gert ráð fyrir að iðkandinn fái sama eða svipaðan afslátt í hinni íþróttagreininni. Ef iðkandi notfærir sér þennan möguleika þá eru æfingagjöldin reiknuð þannig út að iðkandi greiðir fullt sumargjald en fái afslátt af vetrargjaldi sem hér segir:
 - Ef um er að ræða tvær æfingar í viku og ein skarast má lækka æfingagjöld um 40% á viðkomandi tímabili.
 - Ef um er að ræða þrjár æfingar í viku má lækka æfingagjöldin um 25% fyrir hverja æfingu sem skarast á viðkomandi tímabili.
 - Ef um er að ræða 4 æfingar á viku má lækka æfingagjöldin um 20% fyrir hverja æfingu sem skarast á viðkomandi tímabili.
- Ef ekki hefur verið greitt æfingagjald fyrir iðkanda er honum óheimilt að taka þátt í mótum sem flokkurinn fer á.

Æfingagjöld 2017-2018



Reglur sem gilda fyrir allar deildir

Almennt

- Æfingagjöld skulu greidd í upphafi tímabils.
- Greiðsla æfingagjalda er forsenda fyrir þátttöku á æfingum og mótum sem flokkur eða einstaklingur fer á.
- Æfingagjöldin standa að mestu leyti undir rekstri flokka og deilda og er þar langstærsti kostnaðarliðurinn laun þjálfara félagsins. Þau eru greidd út mánaðarlega, m.ö.o. æfingagjöldin eru lífæð fyrir rekstur deildanna.

Skráning, greiðsla, afslættir

- Æfingagjald er greitt í gegnum félagagjaldakerfið (Nóri) á heimasíðu Fylkis www.fylkir.felag.is.
- Forráðamenn verða að skrá sig inn með Íslykli eða rafrænum skilríkjum til að getað notað frístundastyrkinn.
- Allir iðkendur verða að vera skráðir í Nóra.
- Í skráningarferlinu koma allar nauðsynlegar upplýsingar fram, verð á námskeiði og hvort hægt sé að skipta greiðslum og þá í hversu margar.
- Ef forráðamaður getur ekki greitt í félagagjaldakerfinu með greiðsluseðli eða kreditkortu, þá þarf að hafa samband við skrifstofu.
- Veittur er 5% millideilda fjölskyldu afslátt og 5% systkinaafsláttur innan félagsins. Hvert gjald getur að hámarki lækkað um 5%.
- Deildirnar veita svo auka systkinaafslátt ef það eru 3 eða fleiri systkini í sömu grein. 50% af 3ja og 100% af 4ja. Þennan afslátt þarf að sækja til skrifstofu þegar öll gjöldin eru að fullu greidd.
- Mikilvægt að hafa samband við skrifstofu ef um fjárhagserfiðleika er að ræða og finna úrlausn sem leiðir til áframhaldandi þátttöku iðkandans.
- Allar breytingar á skráningu kosta 1500 kr fyrir hverja færslu / seðil utan innheimtukostnað og dráttarvexti.

Frístundastyrkur

- Forráðamenn verða að skrá sig inn með Íslykli til að getað notað frístundastyrkinn.
- Hægt er að nýta frístundastyrk Reykjavíkurborgar upp í greiðslu á æfingagjöldum.
- Nota skal frístundastyrkinn þegar gengið er frá æfingagjöldum við upphaf tímabils eða þegar iðkandi byrjar.
- Búið er að einfalda ráðstöfun frístundastyrksins þannig að ekki þarf að fara út úr skrángarkerfinu inn í Rafrænu Reykjavík eins og áður. Heldur kemur styrkurinn strax til frádráttar þegar hakað er við.
- Ekki er heimilt að endurgreiða það sem greitt hefur verið með frístundastyrk Reykjavíkurborgar.
- Ekki má flytja frístundastyrk milli systkina

Æfingagjöld 2017-2018



Innheimtuferli

- Öll æfingagjöld sem ekki eru greidd á eindaga fara í innheimtu hjá Mótus, þetta gerist sjálfkrafa í félagagjaldakerfinu
- Ef um greiðsluvandræði er að ræða bendum við fólki á að hafa samband við Mótus eða skrifstofu Fylkis eins fljótt og hægt er til að finna lausn og nýta sér þær leiðir sem eru í boði.

Bendum á ráð frá Mótus til að leysa málin á sem hagkvæmastan hátt.

Hefur þú fengið innheimtubríf frá okkur vegna ógreidds reiknings? Þá hefur kröfuhafinn gert ráð fyrir að fá þessa peninga greidda en án árangurs og hann hefur því leitað til okkar eftir aðstoð.

Oft er erfitt að láta enda ná saman og við skiljum það mæta vel. Við gerum okkar besta til sinna okkar starfi á sanngjarnan hátt og með lágmarks kostnaði. Við leggjum mikla áherslu á jákvæð samskipti.

Það er klárlega alltaf best að bregðast fljótt við innheimtubræfi og nýta sér þær leiðir sem eru í boði. Hafðu samband við okkur sem fyrst eftir að þú færð innheimtubríf - það er auðveldast að leysa málið á fyrstu stigum og kröfuhafar vilja vita sem fyrst ef greiðandi er í greiðsluvandræðum og sýna því þá jafnan skilning.

Á greiðendavefnum, ekkigeraekkineitt.is er hægt að skoða mál sem komin eru í innheimtu. Þar er hægt að greiða með korti eða semja um að skipta greiðslum, bæði á greiðslukort eða að fá greiðsluseðil mánaðarlega. Þú ættir að sjá lykilorðin að greiðendavefnum í innheimtubrífum frá okkur. Þú ættir líka að hafa fengið notandanafn og lykilorð sent sem rafrænt skjal í heimabankann þinn. Ef þú finnur það ekki geturðu sótt um nýtt lykilorð á forsíðu vefsins sem er þá sent í heimabankann þinn.

Greiðendabjónusta Motus er opin á milli 9 og 16. Skrifstofur okkar eru á 10 stöðum um land allt og starfsfólk okkar gerir sitt besta til að aðstoða alla sem til okkar leita. Sími þjónustuversins er 440 7700.

Hér eru nokkur góð ráð

Það er alltaf best að bregðast fljótt við og greiða skuldina þannig að komist sé hjá frekari innheimtukostnaði.

Ef þig vantar nánari upplýsingar um innheimtumál getur þú haft samband og við munum leggja okkur framvið að aðstoða þig.

Ef þú getur ekki greitt skuldina í einu lagi er oftast hægt að gera greiðslusamkomulag. Ef þú greiðir samkvæmt samkomulagi hækkar innheimtukostnaður skuldarinnar ekki.

Æfingagjöld 2017-2018



Ef þú átt von á peningum fljótlega getur þú oftast fengið greiðslufrest. Ef þú greiðir innan tímamarka hækkar innheimtukostnaður skuldarinnar ekki.

Ef þú telur þig eiga í alvarlegum greiðsluvanda mælum við með að þú hafir samband við Umboðsmann skuldara og fáir ráðgjöf um möguleg úrræði á www.ums.is

En hvað sem þú gerir - ekki gera ekki neitt

Allar reglur og tölur eru birtar með fyrirvara um innsláttarvillur og breytingar